



Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2022-2026

Inngangur

Jafnrétti er samofið öðrum borgararéttindum og hornsteinn samfélags okkar. Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 kemur fram að markmið þeirra sé eftirfarandi:

„Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allt fólk skal eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Með kyni í lögum þessum er átt við konur, karla og fólk með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá nema annars sé sérstaklega getið.“

Í nútíma samfélagi felst jafnrétti ekki aðeins í jöfnun hlut milli karla og kvenna. Kynjatvíhyggjan er víkjandi og því verður fjallað um jafnrétti í áætlun þessari sem alla þá þætti sem greina okkur að. Mikil vinna hefur verið unnin á undanförunum árum, bæði af stjórnvöldum og félagasamtökum með það að markmiði að bæta stöðu ólíkra hópa innan samfélagsins, tryggja réttindi þeirra og auka jafnrétti. Liður í þessu hefur verið að innleiða alþjóða sáttmála sem betur afmarka stöðu mismunandi hópa.

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur það hlutverk að tryggja lífsgæði, og stuðla að velferð íbúa. Með jafnrétti er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Við erum svo lánsöm að búa í samfélagi sem byggir á þeim grunni að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til aldurs, kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, efnahags, ætternis, fötlunar, sjúkdóma eða annarrar stöðu.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna er kveðið á um að sveitarfélög skipi jafnréttisnefndir og geri jafnréttisáætlanir með framkvæmdaáætlun. Lögin gilda um sveitarfélög sem stjórnvald og sem atvinnurekendur. Lögin ná einnig til sveitarfélaga sem þjónustugjafa, svo sem í samningum við frjáls félagasamtök sem þiggja styrki eða gera samstarfssamning við það um ýmis verkefni. Á það sérstaklega við um félög sem sinna íþrótt- og tólmundastarfi hvers konar.

Til að jafnrétti nái fram að ganga verða öllum að standa til boða sömu tækifæri til áhrifa, virðingar og þátttöku í samfélaginu, jafnt í opinberu lífi sem einkalífi.

Þessi jafnréttisáætlun er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Öllum starfsmönnum, stofnunum og kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins ber að vinna eftir henni og taka mið af henni í öllum sínum ákvörðunum.

Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna



Í september 2015 samþykktu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (HM). Heimsmarkmiðin snúa að sjálfbærri þróun og er ætlað, með samstilltu átaki, að bæta líf og heilsu mannkyns og jarðar. Markmiðin gilda frá 2016 til 2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmiðum sem taka á málefnum þjóða bæði innanlands og alþjóðlega. Markmiðin eru byggð á þremur stöðum, efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum. Um er að ræða ein víðtækustu markmið

sem samningsaðilar hafa komið sér saman um að hafa að leiðarljósi til að tryggja velmegun og mannréttindi um allan heim fyrir árið 2030.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna



Þann 17.3.2020 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar að hefja innleiðingarferli á verkefninu „Barnvænt sveitarfélag“ í samstarfi við UNICEF á Íslandi. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmáli UNICEF eru samofin og styðja hvort annað um bættu framtíð fyrir alla, þá ekki síst réttindi barna.

Börn njóta sömu réttinda og fullorðnir og hefur Barnasáttmálinn að geyma ýmis grundvallarréttindi og tryggir öllum börnum upp að 18 ára aldri sérstaka vernd og umönnun. Sömuleiðis endurspeglar sáttmálinn nýja sýn á hlutverk og stöðu barna og tekur fram að öll börn eigi rétt á því að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu. Grundvallarreglur sáttmálans eru fjórar, bann við mismunun, ávallt skuli gera það sem er barninu fyrir bestu, réttur barns til lífs og þroska og réttur þeirra til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Þessi grunnreglur og önnur ákvæði sáttmálans verða innleidd inn í stjórnsýslu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Hornafjörður, náttúrulega!

hornafjörður
náttúrulega!

Seinni hluta ársins 2019 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar að hefja stefnumótun til næstu fimm ára. Að stefnumótuninni kom stór hópur í sveitarfélaginu, kjörnir fulltrúar, starfsmenn sveitarfélagsins auk íbúa og hagsmunaaðila. Valin voru 13 heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til að styðjast við og nýta í

markmiðasetningu í stefnumótuninni, þau eru eftirfarandi:

- Heilsa og vellíðan
- menntun fyrir alla
- jafnrétti kynjanna
- góð atvinna og hagvöxtur
- nýsköpun og uppbygging
- aukinn jöfnuður
- sjálfbærar borgir og samfélög
- ábyrg neysla og framleiðsla
- aðgerðir í loftlagsmálum
- líf í vatni
- líf á landi
- friður og réttlæti
- samvinna um markmiðin

Voru þessi tilteknu markmið sérstaklega valin með tilliti til verkefnisins *Hornafjörður – Náttúrulega!* sem er heildarstefna Sveitarfélagsins og byggð er upp á fjórum meginstöðum;

- umhverfis- og loftlagsmál
- félagslegir þættir
- hagsæld
- Stjórnarhættir

Framtíðarsýn *Hornafjörður - Náttúrulega!* Er að sveitarfélagið sé eftirsóknarverður og fjölskylduvænn búsetukostur sem fólk vill sækja heim. Mannlíf og lífsgæði blómstra í sátt og samlyndi við umhverfi og

náttúru. Fólk hafi hér jöfn tækifæri í velferðarsamfélagi og þjónusta sé framúrskarandi. Menning er lifandi og öflug nýsköpun til staðar.

Jafnréttisáætlun fellur sérstaklega vel að félagslega þætti stefnunnar, þar sem áhersla er lögð á fjölskylduvænt og heilsueflandi samfélag þar sem einstaklingar hafa jöfn tækifæri, þjónustu og menntun óháð kyni, uppruna, kynþætti og öðrum þáttum sem gætu leitt til mismununar.

Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum 2006/54/EB

Þann 5. júlí 2006 samþykkti Evrópuþing tilskipun 2006/54/EB, hvað varðar meginreglur jafnrar stöðu og tækifæra kynjanna á vinnumarkaði. Þann 18. mars 2008 innleiddi Alþingi sáttmálann og 11. júní 2020 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar jafnréttisáætlun byggða á jafnréttislögum, nr. 10/2008. Jafnréttislögin hafa verið uppfærð þó nokkuð síðan þau voru innleidd árið 2008, enda hefur kynjaumræða tekið stakkaskiptum frá þeim tíma og má þá helst nefna að tekið var út orðalag sem benti til þess að kynin væru einungis tvö, einnig var bætt við lögum um jafnlaunavottun í 2. og 19. gr. jafnréttislaganna. Líkt og gert var í fyrri útgáfu jafnréttisáætlunar Sveitarfélagsins Hornafjarðar, verður stuðst við jafnréttislögin í þessari jafnréttisáætlun, en þó nýrri útgáfuna af þeim, lög nr. 150/2020, héðan í frá kölluð jafnréttislög. Með því skuldbindur Sveitarfélagið Hornafjörður sig til að viðurkenna og styðja við eftirfarandi meginreglur:

1. Jöfn staða óháð kyni er grundvallarréttur.
2. Taka þarf á margfaldri mismunun og gæta sérstaklega þeirra einstaklinga sem tilheyra fleiri en einum jaðarhóp.
3. Jöfn þátttaka óháð kyni í ákvarðanatöku er forsenda lýðræðislegs samfélags.
4. Afnáam staðalímynda er grunnur að jafnrétti allra kynja.
5. Aðgerðir sveitastjórnar skulu taka tillit til allra kynjasjónamiða.
6. Nauðsynlegt er að vinna að framgangi jafnréttis óháð kyni með aðgerðaráætlun og verkefnum með nægilegt fjármagn.

Velferðarnefnd og velferðarsvið

Velferðarnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar gegnir hlutverki jafnréttisnefndar sveitarfélagsins skv. 13 gr. laga um stjórnslu jafnréttismála 151/2020. Eitt helsta hlutverk velferðarnefndar er umsjón með gerð jafnréttisáætlunar sem gildir fjögur ár í senn og skal nefndin þá einnig ganga úr skugga um að henni sé fylgt eftir. Mikilvægt er að kynna starfsfólki, nefndum og ráðum Sveitarfélagsins áætlunina þegar hún er fullgerð til þess að öll séu meðvituð um þær reglur og gildi sem hún felur í sér. Velferðarnefnd á sömuleiðis að vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Sveitarfélagsins til ráðgjafar í málefnum sem varða jafnrétti og á nefndin þá einnig að hafa frumkvæði að aðgerðum sem stuðla að jafnrétti.

Meginmarkmið velferðarsviðs er að veita íbúum stuðning til sjálfshjálpar þar sem fyrirbyggjandi starf, samráð og mannvirðing ráða för. Velferðarsviði er ætlað að tryggja, eftir bestu getu, fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa sveitarfélagsins.

Gildi Sveitarfélagsins Hornafjarðar samkvæmt heildarstefnu þess, *Hornafjörður - Náttúrulega!*, eru Virðing, Framsækni og Samvinna. Allir íbúar sveitarfélagsins eiga jafnan rétt á þjónustu og sitja allir þeir sem til velferðarsviðs leita við sama borð, óháð bakgrunni sínum.

Sveitarfélagið Hornafjörður sem stjórnvald



Skipan í nefndir, ráð og stjórnir

Sveitarfélagið skal ávallt taka tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða og ef hallar á eitt kynjanna í nefnd, ráði eða stjórn skal Sveitarfélagið Hornafjörður, samkvæmt 28. gr. jafnréttislaga, stuðla að því að jafna kynjaskekkjuna. Hlutfall kvenna og karla skal aldrei vera minna en 40% þegar um þrjá eða fleiri fulltrúa er um að ræða. Sé um að ræða kynhlutlausan eða kynsegin einstakling á þessi prósentu þó ekki að hafa áhrif, en tryggja þarf að hlutfall kvenna sé aldrei minna en 40%. Sé nefnd, ráð eða stjórn að mestu eða öllu leyti skipuð einungis einu kyni, er mikil hætta á að það hafi neikvæð áhrif á hin kynin og með því allt samfélagið í heild sinni.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnnum sé sem jafnast en ekki minna en 40% þegar fleiri en þrír fulltrúar eiga í hlut	Taka saman upplýsingar um hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum	Bæjarráð	Lokið í apríl ár hvert.
	Leiðrétta ef kynjahlutfallið uppfyllir ekki 28. gr. Laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna	Bæjarstjórn	Lokið í apríl ár hvert

Jafnréttis- og kynjamat og samþætting jafnréttis- og kynjasjónarmiða

Í 9. gr. Evrópusáttmála í jafnréttismálum, sem þessi jafnréttisáætlun er meðal annars byggð á, skuldbinda sveitarfélög sig til að vinna kynjamat á öllum þeim sviðum sem starfsemi sveitarfélagsins nær til. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur ekki skrifað undir sáttmálann en mun stefna að því að innleiða kynjamat í anda hans.

Skulu nefndir og ráð Sveitarfélagsins hafa jafnrétti allra kynja að leiðarljósi í störfum sínum og vinna að því sameiginlega markmiði að skapa samfélag þar sem jafnréttis- og mannréttindamál eru virkur þáttur í Sveitarfélaginu.

Gera skal ráð fyrir viðeigandi framlagi í fjárhagsáætlun til þess að hægt sé að framfylgja þeim verkefnum og áætlum sem fram koma í þessari jafnréttisáætlun. Skal þá sviðsstjóri velferðarsviðs kalla eftir ráðgjöf og samstarfi við það starfsfólk sem hann telur nauðsynlegt, óháð á hvaða sviði það starfar. Þetta er gert vegna þess að þarna koma inn mismunandi skoðanir og sjónarhorn, en það auðveldar samþættingu jafnréttis- og sjónarmiða við meginstefnu sveitarfélagsins.

Samkvæmt 29. gr. jafnréttislaga, ber sveitarfélaginu skylda að greina milli ólíkra kynja í söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu nema ef sérstakar ástæður, til dæmis persónuverndarlög mæli gegn því. Er þetta gert í þeim tilgangi að greina milli ólíkra þarfa einstaklinga og hópa og að niðurstöður greiningarinnar hafi bein áhrif á niðurstöðuna. Sveitarfélagið Hornafjörður miðar við að birta gögnin með tilliti til þeirra upplýsinga sem þykja mikilvæg til að túlka gögnin.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Upplýsingar um stöðu kynjanna innan sveitarfélagsins séu aðgengilegar.	Við söfnun og úrvinnslu gagna skal kyngreina upplýsingar og birta þegar og þar sem það á við.	Sviðstjórar og stjórnendur	Yfirfarið í júní ár hvert
Gætt skal að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við alla stefnumótun og áætlanagerð	Við fjárhagsáætlunargerð komi fram hvernig kynja- og jafnréttissjónarmið eru samþætt á öllum sviðum	Sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs	Október ár hvert
	Fá námskeið um kynjasamþættingu fyrir kjörna fulltrúa og stjórnendur		Ágúst 2024

Að jafnréttismat sé alltaf hluti af stefnumótandi vinnu og ákvörðunartöku hjá sveitarfélaginu	Innleiða hugmyndafræði jafnréttismats inn í alla vinnu í stjórnsýslu Sveitarfélagsins Hornafjarðar	Stjórnendur og sviðsstjórar	Lok árs 2024
---	--	-----------------------------	--------------

Kynning, uppfærsla og endurskoðun á jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun þessi skal kynnt fyrir öllu starfsfólki sveitarfélagsins, þar með talið stjórnendum, kjörnum fulltrúum og áhersla lögð á hvar ábyrgð starfsmanna liggir í því að fylgja henni eftir.

Það er á ábyrgð stjórnenda og sviðsstjóra að sjá til þess að fylgt verði eftir hvort að jafnréttisáætlun þessi skili tilætluðum árangri og mikilvægt að það verði skoðað meðal starfsfólks. Niðurstöður þeirrar könnunar, ásamt reynslu og verkefnum, verði notaðar sem verkfæri við uppfærslu á henni og að lokum gerð nýrrar áætlunar.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnréttisáætlun skili tilætluðum árangri	Könnun skal lögð fyrir starfsmenn með tilliti til verkefna áætlunarinnar	Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og velferðarsviðs	Lok nóvember 2024 og 2026
Að jafnréttisáætlun sé í sífelldri þróun	Fara yfir stöðu verkefna með sviðsstjórum og stjórnendum	Sviðsstjóri Velferðarsviðs	Lok janúar ár hvert
Að endurskoða og uppfæra jafnréttisáætlun	Vinna tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstöðum kannanna	Velferðarnefnd og sviðsstjóri velferðarsviðs	Lok árs 2026

Sveitarfélagið Hornafjörður sem vinnuveitandi



Launajafnrétti

Samkvæmt 4. gr. jafnréttislaga ber Sveitarfélaginu Hornafirði að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynja á vinnumarkaði. Þá er sérstök áhersla lögð á launajafnrétti og að í stjórnunar- og áhrifastöðum halli ekki á eitthvert kynjanna, en 6. gr. jafnréttislaga felur í sér að einstaklingar sem starfa hjá sama atvinnurekanda eiga rétt á sömu launum óháð kyni. Mikilvægt er að Sveitarfélagið meti menntun og reynslu einstaklinga á hlutlægan og gagnsæjan hátt og að kyn, uppruni eða aðrir þættir hafi ekki áhrif á ráðningar. Skal sveitarfélagið sækjast eftir að verða eftirsóttur vinnustaður með jafnrétti að leiðarljósi þar sem öll búa við sömu réttindi og tækifæri á öllum sviðum.

Sveitarfélagið Hornafjörður vinnur markvisst að því að allt starfsfólk sveitarfélagsins sem vinnur jafn verðmæt eða sambærileg störf fái sömu laun, kjör og njóti sambærilegra starfsaðstæðna. Jafnlaunastefna var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 7. apríl 2022 og nær hún til alls starfsfólks þess. Til að framfylgja jafnlaunastefnu skuldbindur Sveitarfélagið Hornafjörður sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðuga stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsmenn skulu hafa jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf	Framkvæma launagreiningu til að kanna kynbundinn launamun og kynna niðurstöður fyrir starfsfólki	Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs	Fyrsta ársfjórðung hvers árs
	Framkvæma viðhaldsúttekt á jafnlaunavottun	Fjármálastjóri	Fyrsta ársfjórðung hvers árs

Laus störf og atvinnuauðgýsingar

Sveitarfélagið Hornafjörður sem atvinnurekandi hefur það að markmiði að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreinar ef um er að ræða störf þar sem hallar á eitthvert kynjanna og auglýsir allar starfsstöður óháð kyni nema starfið krefjist þess sérstaklega. Þá vísar 19. gr. jafnréttislaga í að óheimilt er að atvinnuauðgýsingar gefi í skyn að fremur sé óskað eftir vissu kyni, þó séu undantekningar á þessu, til dæmis þegar gild rök eru fyrir að óska einungis eftir vissu kyni eða þegar reynt er að jafna skakkt kynjahlutfall, en þá skal það tekið fram í auglýsingunni. Samkvæmt 22. gr. jafnréttislaga þá ber sveitarfélagið ábyrgð á því að auglýsingar sem birtast á vegum sveitarfélagsins gæti jafnræðis og séu einhverju kynjanna ekki til lítilsvirðingar eða smánunar.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að laus störf á vegum sveitarfélagsins standi opin fólki af öllum kynjum	Við gerð allra starfsauglýsinga á vegum Sveitarfélagsins séu öll kyn hvött til að sækja um nema starfið krefjist annars sérstaklega	Sviðsstjórar og stjórnendur	Alltaf þegar starf er auglýst laust til umsóknar

Ráðningarferlið

Sveitarfélagið Hornafjörður skal stefna markvisst að því að skapa samfélag með jafnrétti í fyrirrúmi og þannig forðast hugtök á borð við kvenna- og karlastörf, enda hugmyndir sem þessar eitt þeirra þátta sem viðheldur staðalímyndum og ójafnrétti. Ef umsækjendur eru jafnhæfir skal sá aðili sem er í minnihluta þess kyns í viðkomandi starfsgrein jafnan ganga fyrir, enda er það markmið Sveitarfélagsins að jafna kynjahalla til að stuðla að meiri jöfnuði í samfélaginu almennt.

Þegar ráðið er í stöður í sveitarfélaginu, skulu jafnréttissjónarmið metin til jafns við önnur sjónarmið. Hvað varðar fatlað fólk skal það eiga forgang að störfum hjá ríki og sveitarfélögum ef hæfni þess til starfs er meiri eða jöfn annarra sem sækja um starfið, samkvæmt 22. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafna kynjahlutfallið í starfshópnum	Að horft sé til kynjahlutfalls á starfstöð við ráðningu nýrra starfsmanna og gætt að því að starfsmannahópurinn endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.	Sviðsstjórar og stjórnendur	Alltaf þegar starf er auglýst
	Að vinna samantekt yfir auglýst störf, umsækjendur, ráðningar og samsetningu starfsmannahópsins.	Sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslusviðs	Í maí hvert ár

Starfsþjálfun og endurmenntun

Nauðsynlegt er að Sveitarfélagið Hornafjörður tryggi að allt starfsfólk eigi sömu möguleika á endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun og námskeiðum sem koma til með að auka hæfni í starfi samkvæmt 12. gr. jafnréttisлага.

Hvað varðar úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal ganga úr skugga um að starfsfólki sé ekki mismunað vegna kyns, uppruna, kynþáttar eða annarra þátta sbr. 19. gr. jafnréttisлага.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllu starfsfólki	Greina sókn starfsfólks í símenntun og starfsþróun starfsfólks í sambærilegum störfum.	Sviðsstjórar og stjórnendur	Mái ár hvert

Jafnvægi milli atvinnu-, einka- og fjölskyldulífs

Ein af grunnstoðum heildarstefnu sveitarfélagsins “Hornafjörður - Náttúrulega!” eru félagslegir þættir sem taka á heilsu og vellíðan, jafnrétti, jöfnuði, hæfni fólks og möguleikum á að lifa með reisn. Áhersla grunnstoðarinnar er fjölskylduvænt samfélag þar sem lögð er áhersla á að íbúar búi í fjölskylduvænu og heilsueflandi samfélagi þar sem einstaklingar hafi jöfn tækifæri, fái þjónustu og menntun við hæfi. Sveitarfélagið Hornafjörður skal leitast eftir því að skapa aðstæður fyrir starfsfólk sitt sem gerir því kleift að samræma atvinnu- og einkalíf eins og kostur er. Þá skal einnig stefnt að því að bjóða starfsfólki að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar og bjóða upp á hlutastörf og sveigjanlegan vinnutíma svo lengi sem kjarasamningar og aðstæður leyfa.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að vera fjölskylduvænn vinnustaður	Að uppfæra starfsmanna- og mannauðsstefnu sveitarfélagsins.	Bæjarstjórn, bæjarráð og sviðsstjóri fjármála- og stjórnslusviðs	Árslok 2024
Að báðir foreldrar nýti sér rétt sinn varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna	Verklag sem þróað verður á grunni starfsmanna- og mannauðsstefnu innihaldi leiðbeiningar til stjórnenda til að ná markmiðum um fjölskylduvænan vinnustað, jafna nýtingu á fæðingar- og foreldraorlofi og hvernig skal auðvelda fólki að koma aftur til starfa að orlofi loknu.	Stjórnendur og sviðsstjórar	Árslok 2024
Auðvelda starfsfólki Sveitarfélagsins Hornafjarðar að snúa aftur til baka úr fæðingarorlofi	Árlega skal stefna sveitarfélagsins í starfsmanna- og mannauðsmálum kynnt fyrir starfsfólki	Stjórnendur og sviðsstjórar	Árlega

Samskipti á vinnustöðum

Starfsfólk og stjórnendur hjá Sveitarfélaginu Hornafirði er hvatt til þess að rækta bæði sína líkamlegu og andlegu heilsu og bera sameiginlega ábyrgð á því að stuðla að öruggu, hvetjandi og heilbrigðu starfsumhverfi og samfélagi almennt. Á vinnustöðum og stofnunum Sveitarfélagsins skal ríkja algjört jafnrétti og eiga stjórnendur að gæta þess að því sé framfylgt. Einnig skulu stjórnendur stofnana gæta þess að jafnrétti endurspeglit í ákvörðunum þeirra við ráðningar, uppsagnir, tilfærslur í störfum og þeim viðfangsefnum sem starfsmönnum er ætlað að sinna.

Einelti, áreitni og ofbeldi er alvarlegt vandamál sem starfsfólki Sveitarfélagsins Hornafjarðar ber skylda til að uppræta. Afleiðingar eineltis eru margar og má þá helst nefna kvíða, þunglyndi og önnur andleg einkenni sem geta oft leitt til líkamlegra einkenna. Mikilvægt er að starfsfólki sé kynnt stefna og viðbragðsáætlun sveitarfélagsins gegn einelti, kynferðislegri- eða kynbundinni áreitni og ofbeldi og fái almenna fræðslu um þá þætti sem áætlunin kveður á um.

Vísað er til skilgreiningar á kynferðislegri- og kynbundinni áreitni og ofbeldi í 2. gr. jafnréttislaga og reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Sveitarfélagið Hornafjörður lítur svo á að klám eða klámvæðing á vinnustað flokkist undir kynferðislega áreitni og er hvoru tveggja ekki liðið á vinnustað. Sveitarfélagið skal markvisst vinna að því að koma í veg fyrir að starfsfólk, skjólstæðingar og nemar verði fyrir kynbundu eða kynferðislegu áreiti að einhverju tagi á vinnustöðum, stofnunum og skólum sveitarfélagsins.

Komi upp sú staða að yfirmaður sé kærður eða grunaður um ofbeldi, hvort sem það sé kynferðislegt eða kynbundið skal sá einstaklingur metinn vanhæfur til ákvörðunartöku í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan málsmeðferð stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka ákvarðanir hvað það varðar.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustöðum	Fræða starfsfólk um einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni	Stjórnendur og sviðsstjórar	Árlega
Yfirfara stefnu og viðbragðsáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar gegn einelti, kynferðislegri- eða kynbundinni áreitni og ofbeldi	Yfirfara og eftir þörfum uppfæra stefnuna	Sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs	Mái 2024

Sveitarfélagið Hornafjörður sem þjónustu- og samstarfsaðili



Sveitarfélagið Hornafjörður stuðlar markvisst að því að stofnanir innan Sveitarfélagsins skipuleggi sína þjónustu og upplýsingagjöf í samræmi við jafnrétti og fjölbreytileika.

Eiga íbúar sveitarfélagsins að hafa jafnan aðgang að þjónustu óháð öllum þeim þáttum sem gætu leitt til ójafnréttis að einhverju leyti. Í þessu samhengi er sérstaklega bent á 8.-10. greina laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018. Hafa skal í huga að þarfir og staða fólks eru ólíkar og því þarf að tryggja að viðhorf starfsfólks sveitarfélagsins gagnvart þeim sem til þeirra leita séu jákvæð og einkennist af virðingu og skilningi.

Ákvarðanir hvað varða tilhögun þjónustu skal taka tillit til misjafnra þarfa ólíkra hópa og skulu allar tölfræðilegar upplýsingar kyngreindar, sbr. 29. gr. jafnréttislaga.

Sveitarfélagið Hornafjörður er fjölmennningarlegt samfélag sem stofnanir þess aðlaga sig að og gera ráð fyrir í starfsáætlunum sínum. Gera þarf ráð fyrir innflytjendum bæði sem notendum og veitendum þjónustu og fyrirbyggja fordóma í þeirra garð.

Tryggja þarf aðstæður fatlaðs fólks sem býr í sveitarfélaginu og skal ganga úr skugga um að það búi yfir sömu tækifærum og skilyrðum til þátttöku í samfélaginu.

Þá skal Sveitarfélagið Hornafjörður einnig taka tillit til þess að þarfir fólks fyrir þjónustu eru mismunandi eftir aldri og æviskeiðum. Einstaklingar skulu metnir án tillits til aldurs og skal hafa samráð við eldri borgara, unglunga og börn þegar ákvarðanir eru teknar í málum sem þeim tengjast.

Velferðarnefnd og sviðsstjóri velferðarsviðs skulu vera sviðum og stofnunum sveitarfélagsins til ráðgjafar hvað varðar félagslega þjónustu og hafa eftirlit með þeim verkefnum sem þau hafa sett í forgang.

Skóla-, íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarf

Jafnir möguleikar til menntunar

Allir leik- og grunnskólar hafa í sínum námskrám jafnréttissjónarmið að leiðarljósi og er heimsmarkmiðið „menntun fyrir alla“ þar að leiðandi eitt þeirra markmiða sem einblínt verður í þessari jafnréttisáætlun. „Menntun fyrir alla“ er jafnframt eitt af þeim Heimsmarkmiðum sem stuðst er við í heildarstefnu sveitarfélagsins, *Hornafjörður - Náttúrulega!*, þar sem markmið stefnunnar er að tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi. Þá er einnig stefnt að því í heildarstefnunni að jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd stúlkna, kvenna og kynsegin fólks eflað.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum sveitarfélagsins er hvers kyns mismunur vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna óheimil. Skyld er að gæta þessa í námi, kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að ekki sé mismunad á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna og þau séu einstaklingum af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar

Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla og uppeldisstarfi, þar á meðal á frístundaheimilum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem meðal annars er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks. Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunad. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni, kynþætti eða uppruna.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða sé gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólum	Skólar sveitarfélagsins setji sér aðgerðabundnar áætlanir þar sem fram kemur hvernig skólarnir uppfylla 10.gr. laga nr. 85/2018 og 15. gr. laga nr. 150/2020	Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs og skólastjórnendur	Lokið í maí 2024 og árlega þaðan í frá.
Allir nemendur fái jafnréttis- og kynjafræðslu	gagnvart nemendum sínum		
Náms- og kennslugögn mismuni ekki nemendum á grundvelli kyns, kynþáttar eða þjóðernisuppruna.			
Í náms- og starfsfræðslu og ráðgjöf í skólum fái nemendur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni			

Einelti barna í menntastofnunum, frístund og íþróttastarfi

Þann 19. júní 2019 undirritaði bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar, félags- og barnamálaráðherra og framkvæmdarstjóri UNICEF undir samkomulag um þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu, „Barnvæn sveitarfélög“.

Sáttmálinn endurspeglar nýja sýn á hlutverk og stöðu barna og tekur fram að öll börn eigi rétt á því að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu. 19. gr. sáttmálans kveður á um að börn eigi rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi, jafnt innan sem utan heimilis.

Ljóst er að innleiðing Barnasáttmálans krefst nýrrar nálgunar með ríkri áherslu á samvinnu við alla hlutaðeigandi.

Einelti á ekki að líðast innan stofnanna Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Einelti er ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.

Stefnt skal að því að greina árlega umfang eineltis í menntastofnunum og frístundaúrræðum á vegum Sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem safnað er saman tölulegum upplýsingum t.d. um tíðni alvarlegra tilvika.

Mikilvæg er að eineltisáætlanir allra stofnana séu yfirfarnar reglulegar og uppfærðar eftir því sem þurfa þykir. Skoðaðir verða möguleikar og kostir við það að innleiða nýjar og gagnreyndar áætlanir í samstarfi við menntastofnanir sveitarfélagsins með það að markmiði að Sveitarfélagið Hornafjörður sé fyrirmynd í baráttunni gegn einelti. Eineltisteymi skulu starfrækt í öllum menntastofnunum sveitarfélagsins og haldið utan um tíðni funda hjá þeim.

Öll börn skulu hafa sömu möguleika og fá sömu tækifæri til þess að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu, eins og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um og hefur að leiðarljósi.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Greina umfang eineltis í menntastofnunum og frístundaúrræðum á vegum sveitarfélagsins.	Safna tölfræðilegum upplýsingum um tíðni, alvarleika og aðra mikilvæga þætti sem snúa að eineltismálum.	Sviðsstjóri fræðslu og frístundasviðs og skólastjórnendur	Lok febrúar ár hvert.
Að til séu áætlanir og aðgerðir í eineltismálum og nýrra leiða leiðað.	Yfirfara áætlanir og uppfæra eftir þörfum. Skoða möguleika á að innleiða nýjar, gagnreyndar aðferðir þegar kemur að baráttunni gegn einelti	Skólastjórnendur	Árlega

Íþróttir og tómstundir, lýðheilsa

Fjölskyldustefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar felur í sér að sveitarfélagið skuli stuðla að jákvæðu og lifandi samfélagi þar sem íbúar á öllum aldri taki virkan þátt. Þá er helsta verkefni fjölskyldustefnunnar að styrkja fjölskyldueininguna og þannig samfélagið í heild sinni, hafandi það í huga hversu mikilvæg hún er. Sveitarfélagið Hornafjörður hvetur alla íbúa sína til íþrótt- og tómstundarþátttöku óháð kyni, aldri, uppruna eða annarra þátta, en þá skal sérstök áhersla lögð á að mæta þörfum íbúa sem glíma við einhvers konar vandamál, hvort sem það er félags- eða fjárhagslegt.

Í öllum samstarfs- og styrktarsamningum við íþróttafélög sem og önnur félagasamtök sem gerðir verða við Sveitarfélagið Hornafjörð, verði gerð krafa um að félagið setji sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun þar sem fram kemur hvernig þau hyggjast uppfylla 10. gr. laga 85/2018 og 15. gr laga nr. 150/2020 gagnvart félagsmönnum sínum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða sé gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð hjá félögunum.	Öll félög sem þiggja styrki frá sveitarfélaginu setji sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir þar sem fram kemur hvernig þau uppfylla 10. gr. laga nr. 85/2018 og 15. gr. laga gr. 150/2020 gagnvart félagsmönnum.	Formenn félaga, sviðsstjórar og stjórnendur.	Hvert sinn sem unnin er samningur milli Sveitarfélagsins Hornafjarðar og íþróttafélags eða félagasamtaka.
Einstaklingum sé ekki mismunað á grundvelli kyns eða annarra persónubundinna þátta.			
Sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni í íþrótt- og tómstundastarfi.			

Jafnréttissjónarmið í skipulagsmálum

Sveitarfélagið Hornafjörður vinnur markvisst að því að auka þátttöku íbúa til skipulags- og umhverfismála og er sérstök vefsíða inná www.hornafjordur.is þar sem íbúar geta lesið sér til um allt skipulag í kynningu. Þá var sveitarfélagið eitt fyrsta sveitarfélagið til þess að nýta sér þjónustu skipulagsgáttar (www.skipulagsgatt.is) Skipulagsstofnunar þar sem birt eru gögn um skipulagsmál, umhverfismat og leyfisveitingar jafnóðum og þau verða til, auk umsagna og athugasemda frá opinberum umsagnaraðilum, almenningi og hagsmunaaðilum.

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags hefur einnig verið opnaður sérstakur vefur (www.hornafjorduradalskipulag.is) þar sem íbúar geta fundið allar upplýsingar um vinnuna sem fram fer í tengslum við hana. Þá verða haldnir íbúafundir svo íbúar geti komið skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri. Lögð verður áhersla á að þessir fundir verði aðgengilegir öllum íbúum sveitarfélagsins og settir upp þannig að raddir allra sem vilja koma skoðunum sínum á framfæri heyrir.

Hjá sveitarfélaginu Hornafirði er starfandi aðgengisfulltrúi sem er ætlað að hafa eftirlit með aðgengi fatlaðs fólks að stofnunum innan sveitarfélagsins. Aðgengisfulltrúi gerir athugasemdir þar sem aðgengi er ábótavant og kemur þeim áfram til viðeigandi aðila og fylgir úrbótum eftir. Þá er hann hafður til ráðgjafar þegar kemur að uppbyggingu og endurbótum mannvirkja á vegum sveitarfélagsins. Tilgangur þessa er að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi til jafns við aðra.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Tryggja aðgengi allra að íbúafundum í tengslum við skipulagsmál í sveitarfélaginu	Að íbúafundir séu haldnir á stöðum sem hindri ekki aðgengi ákveðinna hópa í samfélaginu og að fundir séu aðgengilegir í fjarfundi	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs	Hvert sinn sem íbúafundur er boðaður
Bæta aðgengi að stofnunum og húsakosti á vegum sveitarfélagsins	Vinna úttektarskýrslu á stofnunum og húsnæði á vegum sveitarfélagsins, koma með ábendingar um úrbætur og koma þeim í framkvæmd	Aðgengisfulltrúi, Sviðsstjóri velferðarsviðs og sviðsstjóri umhverfis og skipulagssviðs.	Lok mars árlega

Upplýsingar og miðlun

Sveitarfélagið Hornafjörður stuðlar að því að allir íbúar hafi sömu tækifæri til þess að kynna sér réttindi sín og skyldur sem íbúar sveitarfélagsins.

Allar umsóknir vegna þjónustu og önnur eyðublöð verða unnin með því hugarfari að allir íbúar sveitarfélagsins eru jafnir að öllu leyti og eiga rétt á sömu málsmeðferð. Þá skal heimasíða Sveitarfélagsins Hornafjarðar vera aðgengileg öllum og allt efni sem fer þar inn skal vera í boði á öðrum tungumálum en íslensku.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Gera heimasíðu og íbúagátt sveitarfélagsins aðgengilegri og notendavænni	Vinna uppfærslu á heimasíðu sveitarfélagsins og íbúagátt.	Verkefnastjóri stafrænna lausna og tækni og sviðsstjóri stjórnsýslu og fjármálasviðs.	Lok árs 2024
Að tryggja að umsóknareyðublöð séu unnin með því hugarfari að allir íbúar séu jafnir og eigi rétt til sömu málsmeðferðar	Yfirfara öll umsóknareyðublöð hjá sveitarfélaginu og uppfæra með tilliti til jafnréttissjónarmiða	Sviðsstjórar og stjórnendur	September 2024

Styrkir og framlög

Sveitarfélagið Hornafjörður skal tryggja það að jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í úthlutun styrkja og viðurkenninga frá sveitarfélaginu.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi við úthlutun styrkja og viðurkenninga hjá sveitarfélaginu	Vinna samantekt varðandi tölfræðilegar upplýsingar um úthlutun og tilnefningar til styrkja og viðurkenninga á vegum sveitarfélagsins	Sviðsstjórar og stjórnendur	Lok febrúar ár hvert